



Leikskólinn Vinagarður

Áfallaáætlun

Tengiliðir, verkferlar og fróðleikur um viðbrögð

við áföllum og sorg

Ábyrgðaraðilar áfallaáætlunar: Stjórnendateymi leikskólans Vinagarðs

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 3 |
| Fyrstu viðbrögð og áfallateymi | 4 |
| Áfallahjálpi | 6 |
| Börn og sorgarferli | 8 |
| Ofbeldi gagnvart börnum | 10 |
| Börn og skilnaður | 11 |
| Veikindi, slys eða andlát barns | 12 |
| Veikindi, slys eða andlát náins aðstandanda barns | 15 |
| Veikindi, slys eða andlát starfsmanns | 17 |
| Veikindi, slys eða andlát náins aðstandanda starfsmanns | 19 |
| Ítarefni..... | 20 |

Inngangur

Áfallaáætlun Vinagarðs er handbók sem vísar veginn ef áföll verða hjá barni, starfsmanni eða aðstandendum. Sem dæmi um áföll sem geta orðið í lífi einstaklinga má nefna skilnað, alvarleg veikindi, slys, dauðsfall, atvinnumissi, ofbeldi, misnotkun, einelti og náttúruhamfarir. Félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. flutningar, vímuefnanotkun, atvinnuleysi, ofbeldi, misnotkun, niðurstöður úr þroskamati, langvarandi fjarvera vegna sjúkdóma eða slysa geta haft áhrif á líðan barns og aðstandenda.

Lögð er áhersla á að öll viðbrögð séu sett fram af nærgætni og festu.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólustjóra, staðgengils hans eða áfallateymis svo hægt sé að bregðast við á markvissan hátt.

Sorg og sárar tilfinningar eru eðlileg viðbrögð við missi. Missir er ekki eingöngu bundin við andlát. Hann getur tengst skilnaði, veikindum, fötlun og öðru mótlæti. Sorg er hluti af lífsgöngunni og því skiptir miklu máli að starfsfólk leikskólans sé í stakk búið til að veita stuðning þeim sem á þurfa að halda. Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Handbók sem þessi er aldrei tæmandi og er endurmetin reglulega svo áfallaáætlunin verði lifandi plagg sem svarar þörfum fyrir leiðsögn ef áfall ber að höndum á hverjum tíma.



Fyrstu viðbrögð og áfallateymi

Ef tilkynning berst um slys, alvarleg veikindi eða dauðsfall á að láta leikskólastjóra, aðstoðar-leikskólastjóra og áfallateymi strax vita.

| ÁFALLATEYMI VINAGARÐS | | |
|--------------------------------------|-----------------------------|---------------------|
| Hildur Björk Svavarsdóttir | Leikskólastjóri | 664 8473 |
| Hulda Björg Jónasdóttir | Aðstoðarleikskólastjóri | 869 2791 |
| Ragnhildur Gunnarsdóttir | Sérkennslustjóri | 616 1896 |
| María Jónsdóttir | Deildarstjóri | 892 2223 |
| Sesselja Kristinsdóttir | Deildarstjóri | 866 4432 |
| Aðrir stjórnendur í Vinagarði | | |
| Eva Dögg Sveinsdóttir | Deildarstjóri | 849 8742 |
| Ingibjörg Leifsdóttir | Deildarstjóri | 866 9576 |
| María Sigurðardóttir | Deildarstjóri | 863 3031 |
| ALMANNATENGILL | | |
| Matthildur Bjarnadóttir | Formaður stjórnar Vinagarðs | 690 6034 |
| PRESTUR | | |
| Sigurður Jónasson | Áskirkja | 864 5135 / 588 8870 |
| AÐRIR MIKILVÆGIR AÐILAR | | |
| Barnavernd Reykjavíkur | | 411 9200 / 112 |
| Heilsugæslan Glæsibæ | | 513 5700 |
| Áfallahjálpi Landspítala | | 543 1000 |
| Kvennaathvarfið | | 561 1205 |
| Barnahús | | 530 2500 / 899 2508 |
| Túlkþjónusta, vakt | Alþjóðasetur | 530 9300 |
| Fjölmenningarsetur | Upplýsingafulltrúi | 450 3090 |

Áfallateymi er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og tveimur starfsmönnum. Hlutverk þess er að halda utan um ferlið sem fer í gang við áföll. Áfallateymi er bundið trúnaði.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra, staðgengils hans eða áfallateymis. Leikskólastjóri eða áfallateymi leitar staðfestingar á atburðinum eftir ábyggilegum leiðum. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir. Áfallateymi skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum. Mikilvægt er að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og vel útskýrð.

Hvert atvik er einstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Áfallateymi ákveður hvernig upplýsingamiðlun er háttað, hver muni sjá um að koma upplýsingum áfram og hver sjái um móttöku upplýsinga. Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum um atburði sem hafa átt sér stað í leikskólanum er vísað á stjórnendur leikskólans Vinagarðs eða almannatengil. Leikskólastjóri leitar samráðs við stjórn leikskólans, sóknarprest og starfsfólk heilsugæslunnar ef ástæða þykir til.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum er mikilvægt að viðkomandi hafi í huga að það sem skiptir mestu máli er: **Hlýtt hjarta, faðmlag, stór eyru og lítill munnur.**

Áfallateymi Vinagarðs

Í áfallateymi Vinagarðs starfsárið 2022-2023 eru Hildur B. Svavarsdóttir, leikskólastjóri, Hulda B. Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Ragnhildur Gunnarsdóttir, sérkennslustjóri, María Jónsdóttir deildarstjóri og Sesselja Kristinsdóttir deildarstjóri.

Áfallahjálp

Áfallahjálp fyrir börn

- Notið opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti.
- Greinið barninu frá staðreyndum: Hvað hefur gerst - Hvernig gerðist það - Hvað mun gerast í framhaldinu með einföldu orðalagi í samræmi við aldur þess og þroska.
- Forðist huglæggar útskýringar og notið ekki orð eins og svefn eða ferð í staðinn fyrir dauði.
- Forðist að nota líkingamál, tala undir rós og nota orðatiltæki.
- Leikskólinn getur verið griðastaður barnsins og því mikilvægt að halda daglegu skipulagi eins og unnt er.

Gullna regla vináttunnar:

Hlustaðu á aðra á sama hátt og þú vilt að aðrir hlusti á þig.

Áfallahjálp fyrir starfsfólk

Áfallateymi leikskólans og starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir líðan samstarfsfólks og leita aðstoðar ef þurfa þykir t.d. hjá presti, sálfræðingi eða heilbrigðisstarfsfólki.

Áfallahjálp fyrir foreldra

Áfallateymi leikskólans og starfsmenn þurfa að vera til staðar fyrir foreldra og aðra aðstandendur þegar áfall dynur yfir. Áfall getur verið af ýmsum toga s.s. við andlát, skilnað eða greiningu sem barn fær. Mikilvægt er að fylgja málum eftir t.d. með spurningum eða klappi á öxl til að sýna viðkomandi umhyggju og athygli.

Gæta þarf þess að samræma upplýsingagjöf og persónulegra er að hringja í foreldra heldur en senda tölvupóst séu upplýsingarnar viðkvæmar eða líklegar til að valda áfalli.

Fólk af erlendum uppruna

Fjölmeningarsetur er með fræðsluefni á heimasíðu sinni www.mmc.is.

Einnig má finna á vef landlæknisembættisins ritið „Menningarheimar mætast“ um ólíka siði og venjur:

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item1965/489.pdf>



Börn og sorg

Algeng sorgarviðbrögð barna geta verið kvíði, svefntruflanir, leiði, söknuður, reiði/annað atferli sem kallar á athygli, sektarkennd, sjálfsásakanir, erfiðleikar í skóla og líkamleg einkenni.

Sigurður Pálsson, *Börn og sorg*, 1998:27

Börn og sorgarferli

Sorgarviðbrögð barna geta verið ólík fullorðinna. Eftir fyrstu viðbrögð, getur sorgin vitjað þeirra ítrekað við tiltekna aðstæður í lífinu, t.d. á merkisdögum og getur fylgt þeim með einum eða öðrum hætti til fullorðinsára. Börn virðast almennt dylja sorg sína fremur en fullorðnir. Þau leitast oft við að beina huganum að einhverju skemmtilegu til þess að hlífa sér. Börn fela oft sorg sína, meðvitað eða ómeðvitað, til að hlífa fullorðnum syrgjendum í kringum sig og reyna þess í stað að geðjast þeim og gleðja.

Viðbrögð barna við missi eru mismunandi. Þau fara eftir aldri og persónuleika barnsins, tengslum við hinn látna, nánasta umhverfi barnsins og aðstæðum hverju sinni.

Börn skynja dauðann út frá sínum eigin forsendum. Á ólíkum aldri og þroskaskeiðum hafa þau ólíkan skilning á því sem er að gerast í þeirra lífi.


Börn á leikskólaaldri geta átt erfitt með að skilja að hinn látni getur ekki vaknað til lífsins að nýju. Sú útskýring að amma sé í kirkjugarðinum og á sama tíma hjá Jesú er þeim mjög ruglingsleg. Varast ber að nota orð eins og: „Hann er farinn“ eða „Hún er sofnuð svefninum langa“, því ef einhver fer þá kemur hann aftur og við vöknum aftur eftir svefn.

Fræðimenn hafa sett fram ýmsar kenningar um sorgarferli. Geðlæknirinn Colin Mary Parkers skiptir því í fjögur tímabil. Mikilvægt er að hafa í huga að einstaklingar eru misjafnir og fara hvorki í gegnum þessi tímabil í réttari röð né með sama hætti:

- ▶ Doði eða lost, tilfinningaleysi og afneitun á staðreyndum missis.
- ▶ Söknuður, afneitun og reiði.
- ▶ Upplausn, örvænting og vanmáttur.
- ▶ Enduruppbygging.

Einstaklingurinn verður að fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Alltaf má reikna með bakslagi en þau verða ekki eins sársaukafull með tímanum. Misjafnt er hvað sorgarferlið tekur langan tíma en tvö ár er algengt.

Börn þurfa tækifæri til að vinna úr tilfinningum sínum, til dæmis í leik og sköpun.

The background of the slide is a close-up photograph of a wood grain, showing concentric, wavy rings of various shades of brown, tan, and dark blue. A white rectangular box is centered on the image, containing text in Icelandic. The text is written in a black, sans-serif font and is centered within the white box. The overall composition is balanced and visually appealing, with the natural texture of the wood providing a sense of depth and organic form.

*Líkamlegt, andlegt og
kynferðislegt ofbeldi
gagnvart börnum*



Markmið:

Bregðast við af
öryggi og festu

Snúa sér til réttra
aðila með málið

Ofbeldi gagnvart börnum

Í barnaverndarlögum er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna barna en hún gengur framur ákvæðum um þagnarskyldu. Í lögnum segir að hverjum, sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnavernd viðvart. **Ef grunur vaknar hjá starfsmanni um einhver ofangreindra atriða ber að tilkynna það stjórnendum.**

Leiti barn til starfsmanns með frásögn af þessu tagi er mikilvægt að starfsmaður haldi ró sinni og hrósi barni fyrir hugrekki sitt að segja frá. **Mikilvægt er að skrá nákvæmlega hvað barnið sagði.** Ef leikskólastjóri metur aðstæður þannig, í samráði félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð hverfisins, að taka eigi málið í formlegt ferli er það gert með tilkynningu til barnaverndar.

Ef grunaður aðili er ekki foreldri barns eru foreldrar boðaðir á fund í leikskólann þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri gera grein fyrir aðstæðum. Foreldrum er sýnt afrit af tilkynningu sem send verður.

Ef grunur leikur á að foreldrar eigi hlut að máli tilkynnir leikskólastjóri málið til barnaverndar án vitundar foreldra.

Verklagsreglur KFUM&KFUK til verndar börnum vegna gruns um ofbeldi og tilkynningarferli barnaverndar eru aðgengilegar á deildum og heimasíðu leikskólans.

Tilkynningarferli barnaverndar í leikskólanum Vinagarði

Ef starfsfólk í leikskólanum verður áskynja einhvers í fari barns sem bendir til vanrækslu eða ofbeldis í nærumhverfi barnsins en utan skólans er ferli tilkynninga þar um eftirfarandi:



Sama ferli tilkynninga fer í gang ef grunur vaknar um að starfsmaður leikskólans beiti barn ofbeldi í starfi leikskólans. Ef meintur gerandi er deildarstjóri skal hafa beint samband við leikskólastjóra og á sama hátt ef meintur gerandi er leikskólastjóri skal deildarstjóri hafa beint samband við barnaverndaryfirvöld.

Börn og skilnaður

Starfsfólk þarf að vera vakandi yfir viðbrögðum barns við skilnaði, gera sér grein fyrir áhrifum á barnið og koma til móts við breyttar þarfir barns. Starfsfólk tekur ekki afstöðu eða tekur þátt í málum tengdum skilnaðinum. Hagur barnsins er leiðarljós og leikskólinn skal vera griðastaður barnsins.

Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólann vita um breytingar á högum barnsins í framhaldi af skilnaði

Deildarstjóri þarf að fá upplýsingar hjá foreldrum um stöðu mála og hvernig barnið taki breyttu fjölskyldumynstri. Kennarar leikskólans þurfa að vera vakandi yfir því hvort barnið sýni einhverjar skapgerðarbreytingar s.s. sýni afturför í þroska, leiti eftir öryggi, sé háværa eða kalli á neikvæða athygli. Kennarar þurfa að koma til móts við þarfir barnsins og hafa í huga að leikur og sköpun er mikilvæg leið fyrir barnið til að vinna úr tilfinningum sínum.

- ▶ Börn geta sýnt afturhvarf í þroska s.s. farið að sjúga fingur eða gera eitthvað annað sem þau voru hætt að gera. Börnin leita í öryggi og það sem þeim áður var tamt.
- ▶ Sum börn eiga erfiðara með að skilja við foreldra þegar þau koma í leikskólann. Þau eru að upplifa að annað foreldrið sé flutt í burtu og verða jafnvel hrædd um að hitt yfirgefi sig líka.
- ▶ Barnið þarf að fá vissu fyrir því að það sé ekki ástæða skilnaðarins. Börn kenna sér í sumum tilfellum um þá stöðu sem upp er komin og geta fundið ýmsar ástæður sem þau tengja við skilnaðinn.

Börn frá fæðingu til tveggja ára aldurs hafa ekki þroska til að gera sér grein fyrir aðstæðum. Mesta röskunin er þegar foreldri á erfitt með að veita barninu tilfinningalegt öryggi sökum vanlíðan. Þegar foreldrarnir jafna sig tilfinningalega fer barninu að líða betur.



Veikindi, slys eða andlát barns

Veikindi eða slys barns

Markmið:

- ▶ Að hlúa að barni þegar það veikist/slasast
- ▶ Að meta líðan barns og láta foreldra vita á rólegan og yfirvegaðan hátt
- ▶ Að koma í veg fyrir hræðslu og óöryggi
- ▶ Að starfsmenn vinni hratt og örugglega og skipti með sér verkum

Verklag:

Vanda þarf fyrstu upplýsingar til foreldra. Ef um almenn veikindi er að ræða sækja foreldrar barnið í leikskólann. Ef um minniháttar slys er að ræða fara foreldrar með barnið til læknis.

Verði alvarlegt slys, s.s. höfuhögg, eða vafi leiki á alvarleika slyss er hringt í 112. Starfsmaður fer með barni í sjúkrabíl ef til kemur og hefur með sér bráðaupplýsingar um barnið.

Við alvarlegri slys tilkynnir lögregla foreldrum um slysið. Lögregla gerir einnig slysarannsóknarskýrslu. Áfallateymi ber ábyrgð á að ganga eftir skilum frá lögreglu þar sem skýrslan er mikilvæg ef slysið hefur alvarlegar afleiðingar.

Ef barn fær högg á munnsvæði þurfa foreldrar að fara með barnið til tannlæknis og fá þar áverkavottorð sem skilað er til leikskólastjóra.

Börn eru slysatryggð í leikskólanum. Reikningar fyrir útlögðum kostnaði fara til leikskólastjóra.

Ef barn kemur ekki strax í leikskólann er deildarstjóri í sambandi við foreldra og fylgist með líðan barnsins.

Mikilvægt er að barn fái á að vinna úr reynslunni sem og önnur börn sem urðu vitni að slysinu.



Fundur með foreldrum eftir slys á barni:

Deildarstjóri og leikskólastjóri útskýra hvernig slysið átti sér stað.

Leikskólastjóri útskýrir tryggingar sem leikskólinn er með vegna leikskólabarna.

Skýrsla til tryggingafélags er fyllt út í samráði við foreldra og komið áfram til tryggingafélags og annarra viðeigandi aðila.

Endurskoðun á verkferlum og búnaði er kynnt fyrir foreldrum ef við á.

Rætt um líðan barns og endurkomu í leikskólann.



Andlát barns

Markmið:

- ▶ Að koma fram við foreldra, börnin í leikskólanum og samstarfsfólk af hlýju, varfærni og umhyggju
- ▶ Að vandvirkni og yfirvegum einkenni verklag leikskólans
- ▶ Að skapa ró og festu

Verklag við tilkynningu um andlát:

Leikskólastjóri/staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir deildarstjórum um andlátið. Fyrstu upplýsingar til starfsfólks þarf að vanda og tilkynna sérstaklega starfsfólki sem tengist hinu látna barni fjölskylduböndum.

Eigi andlát barns sér stað í leikskólanum er hringt í 112. Lögregla sér um að tilkynna andlátið aðstandendum.

Áfallateymi fer yfir það sem gera þarf áður en börn og starfsfólk mæta í leikskólann fyrsta daginn eftir áfallið. Ef kostur er skal bera aðgerðir leikskólans undir aðstandendum og hafa þá með í ráðum frá upphafi.


Foreldrum barnanna á deildinni er tilkynnt um andlátið símleiðis svo fljótt sem auðið er og foreldrum annarra barna með tölvupósti. Foreldrar eru beðnir um að ræða við barn sitt og upplýsa það um andlátið. Því er sleppt ef börnin á deildinni eru mjög ung.

Deildarstjóri ræðir andlátið við börnin á deildinni, á þó ekki við um yngri börn leikskólans, og eru foreldrar upplýstir um það áður.

Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsfólk, börn og foreldra annarra barna ef þörf er á.

Næstu dagar:

- Haldin er kyrrðarstund.
- Starfsfólk deildarinnar vinnur með börnunum t.d. les sögu eða ljóð. Börnin teikna mynd í minningu barnsins. Setja skal mynd af barninu í ramma á fallegan stað á deild barnsins og blóm í vasa.
- Fyrir börn í áfalli þarf að skapa rólegar stundir og minni hópa. Með því fá þau tækifæri til að tjá sig.
- Leikskólastjóri eða staðgengill ásamt deildarstjóra og áfallateymi skipuleggja næstu daga, með stuðningi sérfræðinga ef þörf er á.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna t.d. foreldrar annarra barna, vinur eða einhver sem þekkir fjölskylduna vel.
- Búið er til myndaalbúm með myndum af barninu í leikskólastarfinu (ca. 10 -15 myndir) og það afhent fjölskyldunni við tækifæri.
- Starfsfólk deildarinnar þarf að fá upplýsingar frá foreldrum barnanna um líðan þeirra heima. Þannig er betur hægt að koma til móts við þarfir þeirra.
- Við fráfall barns hittist starfsfólk deildarinnar á fundi á hverjum morgni fram yfir jarðaför eða lengur ef þurfa þykir. Mikilvægt er að samræma aðgerðir og ákveða næstu skref.
- Krans eða blóm komi frá börnum og starfsfólki leikskólans ef foreldrar hafa ekki afþakkað slíkt.
- Deildarstjórar skrifa minningargrein og senda hana á fjölmiðla.
- Öllu starfsfólki skal gefið tækifæri á að fara við jarðarför. Meta skal hverju sinni hvort loka eigi leikskólanum.
- Ef hluti starfsfólks fer til jarðarfara skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfara skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og fara yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.



Veikindi, slys eða andlát náins aðstandanda barns

Veikindi eða slys

Markmið:

- ▶ Að hlúa að og veita barni og fjölskyldu þess stuðning
- ▶ Að gefa barninu tækifæri á að tjá líðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt
- ▶ Að fylgjast með líðan og tilfinningum barns í samráði við fjölskyldu þess og skapa ró og festu

Verklag:

Finna tengilið við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um veikindi, slys eða bata aðstandanda.

Fá upplýsingar um hvað barninu hefur verið sagt um veikindin eða slysið.

Starfsfólk er látið vita svo að breytt hegðun barnsins komi ekki á óvart.

Starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram um að lesa í líðan barnsins og veita því hlýju og skilning. Leyfa spurningar og samtöl við barnið og barnahópinn. Taka mið af þroska barnanna þegar skýringar eru gefnar, leiðréttá misskilning en forðast að vera með flóknar útskýringar.

Vera tilbúin að hlusta á barnið og hvetja það til að senda myndir og kveðjur til aðstandandans.

Reyna að hafa rólegt í kringum barnið, hafa minni hópa, fara í gönguferð með barnið í litlum hópi og gefa því kost á að tjá sig á margvíslegan hátt.

Vera í góðu sambandi við fjölskylduna og hafa heiðarleg og opin samskipti.

Andlát náins aðstandanda, s.s. foreldris/systkinis

Markmið:

- ▶ Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju, varfærni og umhyggju
- ▶ Að vandvirkni og yfirvegun einkenni verklag leikskólans
- ▶ Að fylgjast með líðan og tilfinningum og gefa barni tækifæri á að tjá sig á margvíslegan hátt

Verklag við tilkynningu um andlát:

Leikskólastjóri/staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi ef það á við. Hann tilkynnir um andlátið en metið er hverju sinni hverjum tilkynningin berst.

Fundinn er tengiliður við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um gang mála ef þarf.

Deildarstjóri ræðir við foreldri/tengilið og kannar hvernig andlátið hafi verið útskýrt fyrir barninu, þannig að leikskólinn verði í samhljómi við forráðamenn barnsins.

Foreldrum annarra barna er tilkynnt andlátið í síma eða í tölvupósti í samráði við forráðamenn og þeir beðnir að ræða við börn sín um andlátið.

Faðmlag er frábær gjöf

Næstu dagar:

- Leikskólastjóri ásamt stjórnendum leikskólans skipuleggja næstu daga. Meðal annars hvernig taka skuli á móti barni þegar það kemur aftur í skólann og hvernig áframhaldandi vinnu skuli háttað.
- Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir fjölskyldu barnsins til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Votta aðstandendum og barni samúð þegar komið er til baka í leikskólann.
- Mikilvægt er að starfsfólk deilda ræði við foreldra barna á deildinni um líðan barnanna næstu daga.
- Deildarstjóri/leikskólastjóri ræðir andlátíð við börnin á deildinni (fer eftir aldri barnanna) og heldur kyrrðarstund þar sem kveikt er á kerti og sett upp mynd af viðkomandi. Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi og samstarfsfólki.
- Reynt að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefið kostur á að teikna eða ræða atburðinn.
- Ef foreldri barns eða systkini fellur frá fer ákveðinn hópur starfsmanna og leikskólastjóri í jarðarförina.
- Ef barn missir nána aðstandendur er barninu gefið tækifæri til að búa til kort eða teikna mynd og í kortið er settur texti og kveðja frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Ef barn missir foreldri eða systkini skal leikskólastjóri og deildarstjóri heimsækja barnið og fjölskylduna fyrir jarðafarardag og færa þeim samúðargjöf/kveðju frá börnum og starfsfólki. Börnin á deildinni útbúa samúðarkort sem komið er til viðkomandi barns með samúðarkveðjum frá leikskólanum.
- Ef hluti starfsmanna fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og fara yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.



Veikindi, slys eða andlát starfsmanns

Veikindi eða slys starfsmanns

Markmið:

- ▶ Að hlúa samstundis að starfsmanni
- ▶ Að starfsmenn vinni saman og skipti með sér verkum
- ▶ Að vinna hratt og örugglega
- ▶ Að skapa ró og festu í leikskólanum

Verklag:

Verði alvarlegt slys eða veikindi í leikskólanum eða einhver vafi er á, ber tafarlaust að hringja í 112. Fari starfsmaður á sjúkrahús skal hafa meðferðis bráðaupplýsingar um starfsmann sem staðsettar eru á skrifstofu leikskólastjóra.

Nauðsynlegt er að láta aðstandanda vita, sjá nöfn og símanúmer í bráðaupplýsingum starfsmanna. Í öllum alvarlegum slysum skal kalla til lögreglu og fá slysarannsóknarskýrslu. Þetta getur verið mikilvægt síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku eða málsóknar.

Kalla saman áfallateymi og fá utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til samstarfsmanna og stjórnar leikskólans. Hafa tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt slys eða veikindi er að ræða.

Ef um langvarandi veikindi er að ræða hjá starfsmanni er mikilvægt að sýna honum skilning og fylgjast með líðan hans. Mikilvægt er að leikskólastjóri eða deildarstjóri verði í sambandi við starfsmann og miðli upplýsingum í samráði við hinn veika.

Mikilvægt er að vera vakandi yfir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.

Leikskólastjóri tilkynnir vinnuslys innan sólarhrings frá slysi í gegnum rafrænt slysaskráningarkerfi Vinnueftirlitsins.

Leikskólastjóri skal tilkynna slysið til tryggingafélags.

Starfsmenn leikskólans Vinagarðs eru slysatriggðir á vinnustað. Tryggingar gilda einnig til og frá vinnu. Greiddur er útlagður kostnaður vegna vinnuslysa.

Andlát starfsmanns

Markmið:

- ▶ Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni
- ▶ Að koma til skila samúð og hluttekningu
- ▶ Að skapa ró og festu í leikskólanum

Andlát utan vinnutíma:

Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi. Tilkynna skal samstarfsmönnum og stjórn leikskólans um andlátið. Vanda skal fyrstu upplýsingar og bjóða upp á samtál eða áfallahjálp eftir atvikum.

Tilkynna foreldrum barna, á þeirri deild sem starfsmaður starfaði á, um andlátið símleiðis.

Tilkynna öðrum foreldrum andlátið með tölvupósti.

Andlát á vinnutíma:

Ef andlát starfsmanns ber að í leikskólanum er hringt í 1 1 2.

Lögregla sér um að tilkynna andlátið aðstandendum. Nöfn og símanúmer aðstandanda starfsfólks hangir á vegg skrifstofu stjórnenda.

Leikskólastjóri kallar saman áfallateymi sem tilkynnir samstarfsmönnum og stjórn leikskólans um andlátið. Vanda skal fyrstu upplýsingar.

Haft skal samband við foreldra og tilkynna þeim andlátið og óska eftir að þau sæki börn sín. Starfsmönnum er boðið upp á áfallahjálp.



Næstu dagar:

- Valin er tengiliður við fjölskylduna úr hópi starfsmanna sem sér m.a. um að votta aðstandendum samúð.
- Muna að samræma það sem sagt er við foreldra því foreldrar eru mikilvægir hlekkir í stuðningi við börnin.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsmenn, börn og foreldra þeirra ef þörf er á.
- Haldin er kyrrðarstund í leikskólanum, við fyrsta tækifæri, þar sem starfsmanns er minnst.
- Vera vakandi fyrir viðbrögðum barna, starfsmanna og foreldra.
- Upplýsa skal starfsmenn og foreldra um gang mála.
- Þegar minnst á starfsmanns skal hafa samráð við aðstandendur vegna aðkomu starfsmanna.
- Leikskólastjóri skrifar minningargrein og sendir hana á fjölmiðla.
- Ef jarðarför er opinber er leikskólanum lokað á meðan á útför stendur.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfu stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.

Veikindi, slys eða andlát náins aðstandanda starfsmanns

Veikindi eða slys aðstandanda

Markmið:

- ▶ Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni
- ▶ Að koma til skila samúð og hluttekningu

Verklag:

Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á veikindum eða slysi, kallar saman áfallateymi ef við á, tilkynnir starfsmönnum um atburðinn og ákveðin eru næstu skref.

Stjórnendur halda góðu sambandi við starfsmann og bjóða fram aðstoð.

Finna tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt tilfelli er að ræða því starfsmaður gæti átt erfitt með að vera í sambandi við vinnustað.

Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.

Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á stuðningi að halda.

Andlát aðstandanda

Markmið:

- ▶ Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni
- ▶ Að koma til skila samúð og hluttekningu
- ▶ Að skapa ró og festu í leikskólanum

Verklag:

Leikskólastjóri/staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi ef þörf er á og tilkynnir starfsmönnum um andlátið.

Leita skal eftir aðstoð og hjálp sérfræðinga og/eða sóknarprests sem aðstoðar við næstu skref, ef þörf er á.

Starfsmönnum sem þess óska er boðið upp á áfallahjálp.

Votta starfsmanni samúð, valinn er tengiliður við starfsmann eða ættingja hans úr hópi starfsmanna.

Mikilvægt er að hafa starfsmann með í ráðum eins og kostur er.

Færa starfsmanni samúðarkort og gjöf frá samstarfsfélögum.

Upplýsa foreldra um andlátið ef um maka eða barn starfsmanns er að ræða.

Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur í vinnuna.

Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda.

Ef hluti starfsmanna fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.

Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og fara yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.

Ítarefni

Anna Ingólfssdóttir, Guðfinna Eydal og Jóna Hrönn Bolladóttir. (2012). *Makalaust líf*.

Barnaverndarstofa. Netslóð: <http://www.bvs.is/fagfolk/>

Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaður*.

Bragi Skúlason. (1994). *Sorg barna*.

Bragi Skúlason. (1992). *Von*.

Dagný Zoega. (2003). *Barnið og sorgin*. Netslóð: <http://doktor.is/grein/barnid-og-sorgin>

Drífa Lind Harðardóttir og Ólöf Birna Björnsdóttir. (2008). *Sorg barna í grunnskólum*. Netslóð: <http://mennta.hi.is/verkefni/lokaverkefni/v2008/sorg/index.htm>

Guðrún Alda Harðardóttir/Halla Sólveig. (1997). *Það má ekki vera satt*.

Harpham, Wendy Schlessel. (2014). *Þegar foreldri fær krabbamein, um börn og alvarleg veikindi*.

Hólmfríður Ólafsdóttir. (2010). *Sorgarviðbrögð barna við dauðsfall foreldris og við skilnað foreldra*. Netslóð: https://skemman.is/bitstream/1946/5288/1/Ritger%c3%b0%20H3_FINAL_final.pdf

Karl Sigurbjörnsson. (2007). *Til þín sem átt um sárt að binda*.

Krabbameinsfélagið, fræðslurit. (1999). *Mamma, pabbi, hvað er að?*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð barna og öryggi barna í leikskólum*. Netslóð: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Drog-a-vef---handbok-um-velferd--og-oryggi-barna-i-leikskolum--.pdf>

Rauði kross Íslands. (e.d.) *Þegar lífið er erfitt*.

DeWolfe, Deborah. (2006). *Aðstoð við börn eftir áfall*. *Rauði kross Íslands*. Netslóð: https://www.raudikrossinn.is/media/baeklingar/adstod_vid_born_nov06.pdf

Sigurbjörn Einarsson. (2004.) *Af hverju afi*.

Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg*.

Umboðsmaður Barna. Netslóð: <https://www.barn.is/>

Warren, Norman. (1999). *Hver er tilgangurinn?*

Þorbjörg Otta Jónasdóttir. (2009). *Börn og áföll. Áföll og sorg barna í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla*. Netslóð: <https://skemman.is/bitstream/1946/3628/1/Lokaritger%c3%b0%20yfifarin%20af%20D%c3%adsu.pdf>